



Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

105. fundur skóla- og frístundaráðs, 28. sept. 2016, [sjá fundargerð](#)

11. liður

Um stöðu ráðninga í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum Reykjavíkurborgar.

Áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólum telur brýnt að svona alvarleg staða í ráðningarmálum í skóla- og frístundastarfi í borginni endurtaki sig ekki næsta haust. Margir telja að þessi staða í haust hafi verið fyrirséð vegna uppgangs í þjóðfélaginu og fjölgunar nemenda, sjaldan eða aldrei hefur verið jafn erfitt að manna skólana. Samkvæmt nýlegum spám er reiknað með að á næstu 3 árum verði til um 10.000 störf tengd aukningu ferðamennsku, atvinnuleysi hefur sjaldan eða aldrei verið minna. Ljóst er að mönnun verði mikil áskorun næstu ár nema til komi róttækar aðgerðir.